



## GJALDSKRÁ

### fyrir hirðu og eyðingu sorps í Akraneskaupstað.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphreinsunar- og sorpeyðingargjald með vísan til samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Akranesi nr. 1231/2005.

#### 2. gr.

Gjöldin greiðast árlega sem hér greinir:

- 2.1 Íbúðir, íbúðarhúsnæði greiða kr. 16.095 á íbúð miðað við tvær sorptunnur í sorphreinsunargjald. Húseigendum eru í upphafi afhentar tvær (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp) 240 l sorptunnur.
- 2.2 Íbúðir, íbúðarhúsnæði greiða kr. 13.725 á íbúð miðað við tvær (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp) sorptunnur í sorpeyðingargjald.
- 2.3 Húsfélög geta fengið í stað 240 l sorptunna, 660 l eða 1.100 l sorpílát. Sorptunnur sem skilað er inn til að fá stærra sorpílát þurfa að vera a.m.k. með samtals sömu lítratölu og þau sorpílát sem koma í staðinn. Endurnýjun sorpílata er á kostnað húseigenda.

Gjöldin innheimtast með fasteignagjöldum.

#### 3. gr.

Vegna úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 27. mars 2015 verða gjöld vegna ársins 2014 endurálögð miðað við eftirfarandi forsendur:

- 3.1 Íbúðir, íbúðarhúsnæði greiða kr. 14.799 á íbúð miðað við tvær sorptunnur í sorphreinsunargjald, lækkun að fjárhæð kr. 1.296.
- 3.2 Íbúðir, íbúðarhúsnæði greiða kr. 12.620 á íbúð miðað við tvær (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp) sorptunnur í sorpeyðingargjald, lækkun að fjárhæð kr. 1.105.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 29 frá 1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, skal endurálagning 2014, ásamt vöxtum í samræmi við ákvæði laganna, dregin frá eftirstöðvum álagningar vegna ársins 2015 eða endurgreidd við gildistöku gjaldskrár þessarar hafi gjöldin vegna 2015 verið greidd í heild.

**4. gr.**

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann \_\_\_\_\_ 2015, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Breyting þessi öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1285/2013 fyrir hirðu og eyðingu sorps í Akraneskaupstað.

Akranesi, xx. júní 2015

---

Regína Ásvaldsdóttir,  
bæjarstjóri.